

Stuðningsverkefni á grundvelli Verfærakistu um heimsmarkmiðin fyrir sveitarfélög

Október 2021-apríl 2022

Samband íslenskra sveitarfélaga

September 2021



Markmið verkefnisins

- Að fjölga sveitarfélögum sem hafa náð árangri í innleiðingu heimsmarkmiðanna.
- Að yfirfæra þekkingu á milli sveitarfélaga.
- Að móta farvegi fyrir innleiðingu heimsmarkmiðanna í þátttökusveitarfélögunum sem hægt er að halda áfram að byggja á eftir sveitarstjórnarkosningar 2022.
- Að 20% sveitarfélaga hafi fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022 hafið undirbúning að setningu aðgerðaráætlunar um innleiðingu heimsmarkmiðanna og að 10% til viðbótar hafi sett sér slíka áætlun og byrjað að hrinda henni í framkvæmd.



Forsendur og ávinningur

- Almennur áhugi og vilji innan sveitarstjórnar til að vinna að framgangi heimsmarkmiðanna innan sveitarfélagsins og í samstarfi við önnur sveitarfélög:
 - Sveitarstjórn samþykki þátttöku og tilefni tvo tengiliði, einn úr röðum kjörinna fulltrúa og einn starfsmann.
 - Skila inn umsóknareyðublaði fyrir 15. október og velja á milli tveggja hópa.
 - Tengiliðir bera ábyrgð á innleiðingu innan sveitarfélags. Þeir þurfa að taka þátt í sameiginlegum vinnustofum og veffundum og vera tilbúnir að miðla til annarra sveitarfélaga.
- Tengiliðir fá fræðslu og stuðning ráðgjafa til að koma vinnu að heimsmarkmiðunum í skipulagðan farveg og tækifæri til að læra af öðrum sveitarfélögum.



Innleiðing heimsmarkmiðanna skref fyrir skref

Verkfærakistan inniheldur eftirfarandi hluta sem mynda fimm skref. Skref tvö til fimm er hægt að hugsa sem hringrás eða stöðugt ferli þar sem reglulega er gert endurmat á markmiðum, aðgerðum og mælingum.



1. skref

Vitundarvakning

- ☐ Kynna sér heimsmarkmiðin
- ☐ Tryggja pólitískan stuðning
- ☐ Skoða þekkingu á heimsmarkmiðunum



2. skref

Kortlagning

- ☐ Greina núverandi starfsemi
- ☐ Tengjast öðrum sveitarfélögum
- ☐ Greina samráðs- og samstarfsaðila
- ☐ Greina aðstæður innan sveitarfélags



3. skref

Forgangsröðun og skipulag

- ☐ Velja nálgun
- ☐ Forgangsráða
- ☐ Samráð
- ☐ Velja mælikvarða og gera upphafsmælingar
- ☐ Tímasett aðgerðaáætlun og markmið
- ☐ Ákveða innra skipulag



4. skref

Innleiðing

- ☐ Samstarf
- ☐ Fræðsla
- ☐ Reglulegir stefnufundir
- ☐ Sækja innblástur og skoða samstarf
- ☐ Samtal



5. skref

Mælingar og miðlun

- ☐ Mæla árangur og meta framhald
- ☐ Miðla niðurstöðum
- ☐ Regluleg miðlun vinnunnar
- ☐ Skapa tækifæri til þekkingarmiðlunar



Verk- og tímaáætlun-haust-vetur 2021

Hópur 1 (grunnstuðningur)

- **15. okt. –lok frests til að skila inn umsókn um þátttöku.**
- **5. nóv. –Staðb. vinnustofa:**
- Grunnfræðsla ráðgjafa um:
 - kortlagningu á stöðu og starfsemi sveitarfélaga með tilliti til heimsmarkmiðanna,
 - greiningu á samráðs- og samstarfsaðilum,
 - heildræna eða afmarkaða innleiðingarnálgun,
 - val á forgangsmarkmiðum.
- Ráðgjafi leggur fram form og leiðbeiningar.

Eftir vinnustofuna eiga fulltrúar sveitarfélaganna að vera í stakk búnir til að setja af stað vinnu við að greina þessi atriði innan sinna sveitarfélaga og bera ábyrgð á því að sú vinna fari fram.

Hópur 2 (Sveitarfélög sem eru komin upp á skref 3 skv. Verkfærakistunni eða lengra)

- **15. okt. –lok frests til að skila inn umsókn um þátttöku.**
- Október-veffundir ráðgjafa með hverju sveitarfélagi til að meta stöðu þeirra innan skrefa 3-5.
- **12. nóv.-Staðb. Vinnustofa:**
- Reynslusögur og umræður.
- Fræðsla um aðgerðaáætlanir og innleiðingu þeirra og vinna að innleiðingarmarkmiðum.
- Ráðgjafi leggur fram form og leiðbeiningar.

Afrakstur vinnustofunnar eru innleiðingarmarkmið fyrir hvert sveitarfélag sem fulltrúar sveitarfélaganna bera ábyrgð á að vinna að með stuðningi ráðgjafa.



Verk- og tímaáætlun – vetur-vor 2022

Hópur 1 (grunnstuðningur)

- Jan. - Staðb. vinnustofa
 - Fulltrúar sveitarfélaganna kynna framgang vinnunnar innan sinna sveitarfélaga, miðla sín á milli um lærdóma og reynslu og fá leiðsögn frá ráðgjafa.
 - Fræðsla um gerð aðgerðaáætlunar og innleiðingu hennar.
- Mars – Stöðufundur á vefnum

Þátttakendur segja frá stöðu sinna verkefna, miðla sín á milli og fá leiðsögn frá ráðgjafa.
- Apríl - lokauppgjörsfundur
 - Sveitarfélögin kynna drög að aðgerðaáætlunum sinna sveitarfélaga, miðla sín á milli og ræða hugsanlegt framhald á samstarfi.

Hópur 2 (Sveitarfélög sem eru komin upp á skref 3 skv. Verkfærakistunni eða lengra)

- Feb. – Stöðufundur á vefnum
 - Þátttakendur kynna stöðu innleiðingarmarkmiða sinna og aðgerðaráætlana og miðla sín á milli um lærdóma og reynslu.
- Apríl –lokauppgjörsfundur
 - Sveitarfélögin kynna endanlega stöðu vinnunnar og ræða hugsanlegt framhald á samstarfi.

